

INNANBÆJAR KRÓNÍKA

2 tbl. 12. árg. Starfsmannafréttir Akureyrarbæjar

júlí 2017

Sumar á Akureyri



Myndir: Ragnar Hólm

HVER ER MAÐURINN?



Hver er hressi drengurinn á myndinni?

Lesendur eru beðnir að senda rétt svar á kronikan@akureyri.is.

Dregið verður úr réttum svörum og fær viðkomandi verðlaun frá Sundlaug Akureyrar.

Í síðustu Króniku birtist mynd af ungum Hólmkeli Hreinsyni, Amtsbókaverði. Nokkrir starfsmenn sendu inn rétt svar en nafn **Áslaugar Magnúsdóttur**, starfsmanns á Búsetusviði var dregið úr réttum lausnum og fær hún að launum 10 skipta sundkort frá Sundlaug Akureyrar.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Hlynur F. Þormóðsson

Ritnefnd: Alma Rún Ólafsdóttir, Bergljót Jónasdóttir,

Hlynur F. Þormóðsson og Hjörleifur Hjálmarsson

Netfang: kronikan@akureyri.is



MATARTÍMI!

Í síðasta *Matartíma* skoraði Guðmundur Hákonarson, smíðakennari í Giljaskóla, á Berglindi Bergvinsdóttur grunnskólakennara í Naustaskóla.



Oft á tíðum vinnur tíminn ekki með mér í eldhúsinu og er ég því mikið fyrir fljótlegar og einfaldar uppskriftir. Ég hef ákveðið að deila með ykkur tveimur uppskriftum sem hafa verið hvað vinsælastar á mínu heimili.

Humar í skel með mildum hvítlaukskeim:

- 1 kg. hreinsaðir humarhalar í skel.
- 75 gr. smjör.
- 2 hvítlauksgeirar, fínt saxaðir.
- 1 msk. söxuð steinselja.
- Safi úr einni sítrónu.
- Salt og pipar úr kvörnu.
- 1 dl. brauðrasp.



Humarinn er hreinsaður, kryddaður og lagður (skelin niður) í eldfast mót. Sítrónusafa er dreift yfir humarinn. Smjórið brætt og fínt söxuðum hvítlauksgeirum blandað saman við smjórið, síðan er helmingnum af hvítlauksmjörinu hellt yfir humarinn. Því næst er steinseljunni stráð yfir og brauðraspinu síðast. Restina af hvítlauksmjörinu er svo hellt yfir í lokin. Grillað í ofni í ca 5-7 mínútur.

Kjúklingaréttur í karrý, uppáhald barnanna:

- ½ - 1 kjúklingur.
- 1 poki hrísgrjón.
- 1 meðalstór haus af brokkolí.
- 1 dós Campellssúpa, sveppa.
- 3 msk. majones.
- 1 msk. karrý.
- Ostur.

Kjúklingurinn steiktur í ofni eða bara keyptur tilbúinn úr búðinni. Hrísgjón og brokkolí soðin vel og sett í botninn á eldföstu móti. Kjúklingurinn skorinn í bita og settur ofan á. Hrærið majonesi og karrýi saman og blandið því við súpuna. Súpublöndunni er svo hellt yfir kjúklinginn og osti stráð yfir. Sett í ofn á 200°C í ca 20-25 mínútur.

Berglind skorar á Önnu Lilju Sævarsdóttur, aðstoðarleikskólustjóra á Tröllaborgum, að koma með góða uppskrift í næstu Króniku.

Sundlaug Akureyrar

Nýjar rennibrautir voru opnaðar í Sundlaug Akureyrar 13. júlí síðastliðinn og segja má að biðraðir hafi verið í þær síðan. Ef borin er saman aðsókn í sundlauginu fyrir og eftir vígslu brautanna kemur í ljós að aukningin er ríflega 300%.

Frá föstudeginum 30. júní til mánudagsins 3. júlí voru gestir lauganna 1.574 en þeir voru hvorki fleiri né færri en 5.105 frá föstudeginum 14. júlí til mánudagsins 17. júlí sem er 324% aukning. Varla þarf að velkjast í vafa um að það eru nýju vatnsrennibrautirnar Flækjan, Trektin og Fossinn sem skýra aukna aðsókn að mestu og má því segja að þær hafi slegið hressilega í gegn.



PLÖTUSKÁPURINN




Kristján Bergmann Tómasson (Mummi), umsjónarmaður Ungmenna-Hússins í Rósenborg tekur plötuskápinum í gegn í Krónikunni að þessu sinni..

Fyrsta platan sem þú keyptir? *It Takes a Nation of Millions to Hold Us Back* með Public Enemy.

Mest spilaða platan þín? Bæði *Bad* og *Thriller* með Michael Jackson.

Bestu kaupin? *Bréf til Stínu* með Helga og hljóðfærleikurunum. Eða sennilega bara allar plötur sem þau hafa gefið út, enda besta band í heimi.




Flottasta umslagið? *Rage Against the Machine*, samnefnd plata.

Ljótasta umslagið? *Enter 4* með Hjaltalín. Platan er frábær en umslagið ekki.

Besta plata sem þú átt? Þær eru svo svakalega margar góðar að ég get ekki gert upp á milli.

Lélegasta plata sem þú átt? *Einn voða vitlaus* með Ladda.

Besta barnaplatan? *Kardimommubærinn*. Líka *Harry og Heimir* sem verða alltaf fyrir valinu hjá fjölskyldunni á ferðalögum og mundi því sennilega kallast besta fjölskylduþatan.



Skrýtnasta platan? *Oxygene* með Jean-Michel Jarre. Hún er æðisleg, en verulega skrýtin.

Mesta sumarplatan? *Joyride* með Roxette og *Pinocchio* með Bubbleflies.

Vínill, CD, i-pod eða síminn? Vínill. Móðir mín er líka alltaf að gefa mér nýjustu íslensku-plötur sem koma út á vínill. Það er æði. En þar sem ég er tónlistarfikill þá er síminn mjög mikið notaður. Spotify er forrit sem ég brúka alla daga með glöðu geði.

HIN HLIÐIN

Sigrún Edda Kristjánsdóttir, starfsmaður þjónustukjarnans í Borgargili, sýnir á sér *Hina hliðina* í sumarútgáfu Krónikunnar. Sigrún er fædd á Húsavík og er með BA gráðu í sálfræði frá Háskólanum á Akureyri. Hún hefur unnið síðastliðið ár í Borgargili þar sem hún aðstoðar skjólstæðinga sína við athafnir daglegs lífs.



Hvað er skemmtilegast við starfið þitt? Allt það frábæra fólk sem ég fæ að vinna með.

Fjölskylduhagir? Í sambúð.

Áhugamál? Íþróttir, tónlist, útivist og ferðalög.

Uppáhalds matur? Góð steik.

Hvaða lag kemur þér í sumargleði? *Humble* með Kendrick Lamar er sumarlagið í ár.



Fallegasti staður á Íslandi? Húsavík er klárlega fallegasti staður landsins.

Besta erlenda borgin? Orlando.

Hvað er skemmtilegast við sumarið? Sólin, birtan og hitinn!

Uppáhalds tónlistarmaður / hljómsveit? Mumford & Sons.

Besti sjónvarpsþáttur? Friends og Grey's Anatomy.



Uppáhalds leikari? Cameron Diaz.

Leyndir hæfileikar? Ég er með skipulagshæfileika á háu stigi.